

# HELGAR MENNINGIN

## FLUXUS

### Í tilefni Fluxus sýningar að Kjarvalsstöðum

Þegar efnt var til yfirlitssýningar um Fluxus-hópinn á myndlistarbiennalnum í Feneyjum síðastliðið sumar hafði sýningin yfirskriftina Ubi Fluxus ibi motus 1990-1962 og sagði skipuleggjandi sýningarinnar, Achille Bonito Oliva, að ártólin væru höfð í öfugri tímaröð til þess að leggja áherslu á þann andsgulega anda sem einkennir þennan tiltölulega lítt þekktu en þó áhrifamikla hóp listamanna á sviði tónlistar og myndlistar á þessu tímabili.

En þótt listamenn þeir sem kenna sig við Fluxus hafi vissulega viljað storka sögulegum gildum og forskriftum og hafna þeim skilningi að sagan sé línulegt ferli frá hinu óæðra til hins æðra, þá er hreyfingin engu að síður og óhákvæmilega sprottin upp úr vissu sögulegu samhengi og félagslegum veruleika sem er forsenda þess að við skiljum það sem á eftir fór.

Það var á 6. áratugnum sem nokkrir framsækir tónlistarmenn í Bandaríkjunum settu fram byltingarkenndar hugmyndir á sviði tónlistar, meðal annars til þess að rjúfa þann víthring sérfræðipækkingar og hámenningar, sem tónlistin hafði einangrast í. Áhrifaríkastur þessara manna var bandaríska tónskáldið John Cage, (fæddur í Los Angeles 1912) sem reif niður allar fyrri hugmyndir manna um skynsamlega uppbyggingu tónverksins og um gildi hljóðanna með því að semja tónverk sem byggðu á hreinum tilviljunum, þar sem gjarnan voru notuð ómenguð umhverfis- eða náttúruhljóð. Hugmyndir hans voru að hluta til sóttar til Zen-búddisma og þróuðust æ meir út í það að vekja áheyranda til vitundar um hljóðin í umhverfinu: tónskáldin og hljóðfæraraleikararnir urðu í rauninni óþarfir, það eina sem þurfti til þess að skapa tónlist var virk athygli og vitund hlustandans um sjálfan sig og umhverfið. Sköpun tónverksins varð ekki sist verk hlustandans sjálfs og allri hefðbundinni umgjörð og sviðsetningu tónlistarinnar var varpað fyrir róða og tónlistarsérfræðingunum og visindum þeirra gefið langt nef. Á bak við þessa afstöðu lá jafnframt sterk skýrskotun til leiksins og íróunnar, um leið og hún miðaði að því að endurvekja tilfinningu okkar fyrir gildi hljóðsins og þagnarinnar í umhverfi okkar og vitund.


John Cage er sagður áhrifamikill persónuleiki, og víst er að hvar sem hann fór um heiminn skildi hann eftir sig „skóla“ listamanna, sem tóku hugmyndum hans eins og frelsandi opinberun.

Þannig höfðu hugmyndir hans mótaði áhrif á röð tónleika og „uppákoma“, sem voru skipulagðar af bandaríska tónskáldinu

og fjöllistamanninum La Monte Young (f. 1935 í Idaho) í vinnustofu listakonunnar Yoko Ono (f. 1933 í Osaka) í New York á árunum 1960-61. Á sama tíma efndi fjöllistamaðurinn George Maciunas (f. í Litháen 1931) til hlíðstæðra uppákoma í sýningarsal sínum A/G Gallery í New York.

En það var einmitt Maciunas sem varð einn helsti skipuleggjandi Fluxus-hópsins á 7. áratugnum og valdi hópnum þetta nafn, sem getur þýtt bæði flæði, stöðug þróun, breyting, eða straumur, útskolun, niðurgangur eða hvers konar útferð úr líkamanum.

Fyrsta skipulega uppákomu undir nafninu Fluxus var haldin að frumkvæði Maciunas í Wiesbaden í Þýskalandi 1962, en



Tónskáldið John Cage. Á töflunni stendur: Lifi þögnin!

þeirra var Fluxus-andinn. Önnur var pop-listin, sem blómstraði sérstaklega í Bandaríkjunum. Enn önnur birtingarmynd þessara and-

heimsins, jafnréttishreyfing kynjanna og umhverfisvakningin með stofnun græningjasamtaka og flokka. Allar voru þessar hreyfingar með einu eða öðru móti í uppreisn gegn því „einvíddarsamfélagi“, sem einblíndi á stöðuga neysluaukningu sem endanlegt markmið og réttlætingu allrar félagslegrar starfsemi. Og allar höfðu þær nýtt og víðtækara lýðræði að markmiði.

sjálfstæðis- og lýðræðisvakningu sem þar hafi risið.

Annar A-Evrópubúi, Milan Knizak, sem stundaði list sína og kennslu neðanjarðar í Prag á 7. áratugnum í beinum tengslum við Fluxus-hópinn og átti stöðugar lögregluofsóknir yfir höfði sér, mun hafa afþakkað embætti menntamálaráðherra í ríkisstjórn Vaclav Havels, en gegnir nú þess í stað embætti yfirmanns listaakademíu borgarinnar.

En þjóðfélagslegra áhrifa Fluxus gæti ekki bara í þessum tveim dæmum. Hreyfingin hefur getið af sér marga frjóanga í listum og menningu samtímans og skapað mörg ný listform. Eitt þeirra er „happening“ eða uppákomur og sviðsett atvik, sem gegndu því hlutverki að eyða mörkunum á milli listgreina, færa listina úr menningarstofnunum út á götuna og jafnframt að vekja til umhugsunar um gildi hinna hversdagslegru forma, hvort sem var í látbragði, hreyfingu, athöfn eða fyrirbærum umhverfisins. Fluxus-andinn vildi afnema bilið á milli lífsins og listarinnar og hjálpa okkur til að uppgötva ný gildi eða verðmæti í sjálfum okkur og umhverfinu, án tillits til hins efnislega notagildis og skiptagildis í neysluþjóðfélaginu.

Um svipað leyti spruttu fram nýjar greinar listarinnar tónlistar eins og minimalismi, pop-list og arte-povera, sem allar voru meira eða minna undir áhrifum frá Fluxus-andanum eða beinlínis spröttar upp úr honum. Fluxus-listamenn eins og Yoko Ono og Nam June Paik urðu til dæmis brautryðjendur í því að nýta myndbandatæknina í þjónustu listarinnar og gera video-list. Margir Fluxus-listamenn notuðu það sem hendi var næst úr umhverfinu í listaverk sín og fjölfölduðu þau gjarnan til þess að gera þau ódýrari. Eitt af markmiðum þeirra var að sniðganga hinn kapitalíska markað ekki síður en valdastofnanirnar.

Þeir sköpuðu einnig konkræfnesiu úr bókstöfum, hljóðum og hljóðmyndunum og gáfu út bækur sem urðu í höndum þeirra sérstakur listmiðill (Dieter Rot). Þá varð Fluxus-listamaðurinn Henry Flynt fyrstur manna (1961) til þess að skapa konseptlistinni fræðilegan grundvöll, en hún hafði mikil áhrif á alla myndlist á

## FLUXUS

hann gegndi þá herþjónustu þar í Bandaríkjaher. Í Þýskalandi komst hann að því að hlíðstæðar hugmyndir og þróast höfðu í New York árin á undan höfðu einnig skotið rótum á meginlandi Evrópu, og í Þýskalandi kynntist hann mönnum eins og austurríska fjöllistamanninum Wolf Vostell (f. 1935), Kóreumanninum Nam June Paik (f. í Seul 1931), Addi Koepcke, Robert Filliou, Ben Vautier, George Brecht, Joseph Beuys o.fl.

Það sem þessir menn áttu allir sameiginlegt, fyrir utan að hafa hrifist af hugmyndum John Cage, var viljinn til að leita leiða í listrænni tjáningu sem hefðu bein áhrif á umhverfið í stað þess að endurspeglja það, afmynda eða skrumskæla. Þeir vildu afnema mörkin á milli hinna hefðbundnu listgreina og ryðja listinni braut út úr menningarlegum valdastofnunum þjóðfélagsins út á götuna meðal fólksins.

Félagslega er hreyfing þessi afsprengi eftirstrísáranna, þessara veltiára í efnahagslegu tilliti, þegar Evrópa var að ná sér á strik eftir heimsstyrjöldina síðari og endalaus aukning á hagvexti, framleiðslu og neyslu virtist blasa við. Hún er líka afsprengi tíma kalda stríðsins með vígbúnaðarkapphlaupi og ört vaxandi kjarnorkuvígvaðingu. Og hún er enn fremur afsprengi þess tíma þegar nýlendur og þriðjaheimsríki voru að brjótast úr viðjum nýlendu- og heimsvaldastefnu í Afríku, Asíu og S-Ameríku með tilheyrandi þjóðfrelsisstyrjöldum og byltingum.

Í byrjun 7. áratugarins voru formleysumálverkið og abstrakt-expressiónisminn um það bil að tæma möguleika sína til endurnýjunar á myndmáli samtímans, hvort sem um var að ræða „action“-málverkið í Bandaríkjunum, „tacismann“ í Frakklandi eða Cobra-málverkið í N-Evrópu. Og yfirþyrmandi efnishyggiya og neysluáróður kölluðu beinlínis á ný andsvör sem birtust smám saman í ólíkum myndum. Ein

DUCHAMP  
HAT DAS  
OBJEKT ZUR  
KUNST  
QUALIFIZIERT  
ICH  
HABE  
DAS LEBEN  
ZUR KUNST  
QUALIFIZIERT  
VOSTELL  
1972

Yfirlýsing austurríska fjöllistamannsins Wolf Vostell frá 1972: „Duchamp gaf hlutum gildi listar, ég hef gefið lífinu gildi listar“

## FLUXUS

THE POINT IS NOT GOOD ART  
-- FULFILLMENT IN FANTASY--  
BUT A NEW MODE OF LIFE  
WHICH ALLOWS FULFILLMENT  
IN ACTUAL LIFE.

SENSIBILITY WHICH IS  
NOT SUPPORTED  
BY THE MODE OF LIFE  
IS MERE ESCAPE.

Yfirlýsing tónskáldsins Henry Flynt: Aðalatriðið er ekki góð list – fullnægging í hugarflugi – heldur nýr lífsmáti sem leifir fullnægju í raunverulegu lífi....

svara við efnishyggiya eftirstrísáranna var uppreisn æskunnar, bæði á sviði alþýðutónlistar og á pólitíska sviðinu í sjálfri námsmannauppreisninni. Í kjölfarið komu svo samstöðuhreyfingar með þjóðfrelsisshreyfingum þriðja

## FLUXUS